

Staðgreiðsla 2013

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 241.475 kr.	37,32%
Af næstu 498.034 kr.	40,22%
Af fjárhæð umfram 739.509 kr.	46,22%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 48.485 kr.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

37,32%	af fyrstu 55.572* kr.
40,22%	af 55.573-170.188** kr.
46,22%	af launum umfram 170.188

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 2.897.702/365 * 7 = 55.572. ** 8.874.108/365 * 7 = 170.188.

Persónuafsláttur á mánuði er 48.485 kr.

Persónuafsláttur ársins 2013 er 581.820 kr. eða 48.485 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2013 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 48.485 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 24.242 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 22.316 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 11.158 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 581.820 X dagafjöldi launatímabilsins
 365

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Pegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðenda heimilt að nota allan þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 246 kr. á dag.

Frítekjumark barna er 100.745 kr.

Börn sem fædd eru 1998 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2013 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 100.745 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 eða í vefskilum skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarþær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 2% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 7,69%

Tryggingagjald er 7,34%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 7,69%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almenn tryggingagjald 5,29%
- Atvinnutryggingagjald 2,05%
- Tryggingagjald alls 7,34%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,30%
- Markaðsgjald 0,05%
- **Samtals til staðgreiðslu 7,69%**
- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum] 8,34%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð E-101 gilda sérstakar reglur.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í dæmi 1 hér á eftir eru heildarlaun fyrir einn mánuð 256.000 kr. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða 10.240 kr. (sbr. þó heimild til viðbótarfrádráttar, sjá bls. 1).

Í dæmi 2 eru heildarlaun 838.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 33.520 kr.

Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1			Dæmi 2		
Stofn til staðgreiðslu	245.760		Stofn til staðgreiðslu	804.480	
Útreikningur			Útreikningur		
241.475	37,32%	90.118	241.475	37,32%	90.118
4.285	40,22%	<u>1.723</u>	498.034	40,22%	200.309
			64.971	46,22%	<u>30.029</u>
Reiknuð staðgreiðsla	91.841		Reiknuð staðgreiðsla	320.456	
Frá dregst persónuafsláttur	<u>48.485</u>		Frá dregst persónuafsláttur	<u>48.485</u>	
Staðgreiðsla	<u>43.356</u>		Staðgreiðsla	<u>271.971</u>	

Noti maður skattkort maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem kortið veitir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofssjóði. Í dæmi 1 hér að framan voru heildarlaun 256.000 kr. Við það bætist mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 8% af 256.000 kr. eða 20.480 kr.

Í dæmi 2 eru heildarlaun 838.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 67.040 kr.

Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1		Dæmi 2	
Stofn til tryggingagjalds	276.480	Stofn til tryggingagjalds	905.040
Staðgreiðsluhlutfall	<u>x 7,69%</u>	Staðgreiðsluhlutfall	<u>x 7,69%</u>
Tryggingagjald o.fl.	21.261	Tryggingagjald o.fl.	69.597

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein LÖGABÍLA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumans	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 64.617
440469-4469	01 2013	B Staðgreiðsla af greiddum launum	43.356
Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	
Gjafavörverslunin ehf.		D Tryggingagjald	21.261
Laugavegi 202		E Heildarfjárhæð greiddra launa	256.000
100 Reykjavík		F Reiknað endurgjald greiðanda	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	385.234
14. 2. 2013	<i>Björn Björnsson</i>	<input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	
Dagsetning	Undirskrift		

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumans	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 64.617
290259-2009	01 2013	B Staðgreiðsla af greiddum launum	
Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	43.356
Björn Björnsson		D Tryggingagjald	21.261
Laugavegi 201		E Heildarfjárhæð greiddra launa	
100 Reykjavík		F Reiknað endurgjald greiðanda	256.000
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	385.234
14. 2. 2013	<i>Björn Björnsson</i>	<input checked="" type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	
Dagsetning	Undirskrift		